



# Almannavarnir Árnæssýslu

25. fundur Almannaþarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn mánudaginn 18. desember 2017 kl: 15:00 í fundarsal Björgunarmiðstöðvarinnar á Selfossi.

**Mætt:**

|                                      |   |
|--------------------------------------|---|
| Sveitarfélagið Árborg                | Ásta Stefánsdóttir                      |
| Hveragerðisbær                       | Aldís Hafsteinsdóttir                   |
| Grímsnes og Grafningshreppur         | Ingibjörg Harðardóttir                  |
| Hrunamannahreppur                    | Jón G. Valgeirsson                      |
| Sveitarfélagið Ölfus                 | Gunnsteinn Ómarsson                     |
| Flóahreppur                          | Eydís Indriðadóttir                     |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur          | Kristófer Arason                        |
| Bláskógabyggð                        | Valtýr Valtýsson                        |
| Rauði krossinn                       | Eyvindur Bjarnason                      |
| Svæðisstjórn björgunarsveita         | Lárus Kristinn Guðmundsson              |
| Lögreglan á Suðurlandi               | Kjartan Þorkelsson                      |
| Lögreglan á Suðurlandi               | Oddur Árnason                           |
| Lögreglan á Suðurlandi/ÁÁ            | Víðir Reynisson                         |
| Almannavarnir/Brunavarnir Árnæssýslu | Pétur Pétursson                         |
| Brunavarnir Árnæssýslu               | Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari) |

Ásta Stefánsdóttir, formaður ÁÁ, býður fundarmenn velkomna, setur fundinn og skipar Pétur Pétursson, framkvæmdastjóra ÁÁ, fundarstjóra.

## 1. Staðan í samstarfsverkefni með lögreglu.

Kjartan fór yfir samstarfsverkefni lögreglu og almannaþarna og hvað hefur verið gert. Nokkrar viðbragðsáætlanir eru tilbúnar til undirritunar (Hekla, Hópslys, Herjólfur) og einhverjar áætlanir eru í samþykktarferli hjá sveitarstjórnnum. Nokkrar æfingar og námskeið hafa verið haldin og önnur í undirbúningi. Almannaþarnavikur í sveitarfélögum hafa tekist vel og eru þrjú sveitarfélög eftir sem á dagskrá eru í janúar. Að undanförunu hefur fjórum sinnum þurft að fara á óvissustig og margt hefur lærst af því, t.d. hvaða áætlanir þarf að taka upp.

Kjartan sagði frá því að Víðir hefur óskað eftir launalausum leyfi frá 1. febrúar til 1. september 2018 og þar af leiðandi munu sveitarfélögin ekki greiða framlag vegna launakostnaðar vegna ársins 2018. Umræður um hvernig framhaldið verður og fundarmenn sammála um að kynna þurfi almannaþarnamál vel fyrir nýjum sveitarstjórnarmönnum eftir kosningar í vor. Kjartan fór yfir framtíðarsýn vegna sameiginlegs starfsmanns, m.a. varðandi viðbragðsáætlanir, áhættuskoðanir og ferðamannastaði.

## **2. Stjórnstöðvarmál, áætlun um uppbyggingu**

Víðir fór yfir aðgerðarstjórnarmál, hugmyndafræði og markmið. Hann kynnti hugmynd að uppbyggingu á stjórnstöð á Selfossi sem fyrsta áfanga og þann búnað sem þyrfti í slíka stöð. Í öðrum áfanga yrði farið í uppbyggingu stöðva á Hellur og Hornafirði. Áfram verður unnið með hugmyndina og hugað að fjármögnun hennar.

## **3. Undirritanir á viðbragðsáætlunum.**

Formaður almannavarnarnefndar og lögreglustjóri undirritaðu þær viðbragðsáætlanir sem tilbúnar eru.

## **4. Önnur mál**

Kjartan fjallaði um sáttmála nýju ríkisstjórnarinnar er fjallar um aukningu á löggæslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:25.